

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 31. mars 2016
UST201602-132/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi alifuglahúsa í landi Stóru Valla/Jarlsstaða Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi alifuglahúsa í landi Jarlsstaða/Stóru Valla í Rangárþingi ytra.

Ofangreind skipulagstillaga gerir ráð fyrir þauleldi er rúmar 60.000 alifugla. Eins og fram kemur í viðauka 1, lið 1.10 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er slík framkvæmd tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir ef þurfa þykir ef um viðbótarupplýsingar verður að ræða í tilkynningu um framkvæmdina.


Staðhættir


Ofangreint svæði fyrir alifuglaeldi er áætlað 6 ha, og er á flötu landi/ sandorpnu hrauni. Fram kemur í erindinu að áætlunin gerir ráð fyrir tveimur eldishúsum einu þjónustuhúsi og er stærð bygginga áætluð allt að 4.300 m². Að mati Umhverfisstofnunar geta orðið neikvæð sjónræn áhrif af svo stórum byggingum ekki síst þar sem þær eru áætlaðar á flötu landi, og telur stofnunin mikilvægt að vandað verði við litaval á yfirborði bygginga svo þær falli eins vel og kostur er að umhverfinu.

Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu kemur fram að úrgangur frá kjúklingabúinu verði nýttur sem áburður. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að slík nýting úrgangs frá fuglum sé í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur